

SÉREIGN LSR

Séreign á traustum grunni

Þegar starfsævi lýkur getur séreignarsparnaður reynst afar mikilvægur. Með séreignarsparnaði gefst launþega tækifæri á að auka ráðstöfunarfé sitt á eftirlaunaárunum.

Séreignarsparnaður er bein launahækkun þar sem launagreiðandi greiðir kjarasamningsbundið móttframlag í séreignarsjóð. Séreignarsparnaður er jafnframt þægilegt sparnaðarform þar sem launagreiðandi annast umsýslu á reglulegum sparnaði. Sparnaðurinn er séreign hvers og eins, erfanlegur að fullu og ekki aðfararhæfur. Með séreignarsparnaði myndast skattalegt hagræði þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun. Þá skerðir séreignarsparnaður hvorki barna- né vaxtabætur né heldur lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Sérreignarsparnaður er því einföld og hagkvæm leið til að auka við lífeyrissparnað og bæta þannig lífsgæði á efri árum.

Á lífsleiðinni skiptir miklu máli að njóta samfylgdar lífeyrissjóðs sem býr vel í haginn fyrir framtíðina. Eignastýring LSR sér um ávöxtun eigna Séreignar LSR samhliða öðrum eignum LSR, stærsta lífeyrissjóði landsins. Öryggi og reynsla við ávöxtun eigna einkennir því eignastýringu fjárfestingarleiða Séreignar LSR.

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið á milli þriggja ólíkra fjárfestingarleiða (Leiðar I, Leiðar II og Leiðar III) auk svokallaðrar Sér-leiðar þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri sjóðfélaga og áhættuvali hans.

Almenna reglan í sparnaði er sú að eftir því sem sjóðfélagi er yngri því meira er áhættuþol hans. Hann hefur lengri tíma til að ávaxta sparnað sinn og þolir frekar sveiflur í ávöxtun en þeir sem eldri eru. Lífeyrissparnaður er langtímafjárfesting og því mikilvægt að hafa slíkt í huga þegar velja skal fjárfestingarleið í séreignarsparnaði.

Val á fjárfestingarleið

Leið I er verðbréfaeið með áherslu á hlutabréf sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar best þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út sveiflurnar.

Leið II er einnig verðbréfaeið en með meiri áherslu á skuldabréf sem þýðir minni sveiflur í ávöxtun en í Leið I og áhættan þ.a.l. minni. Leið II hentar vel þeim sem eiga þó nokkur ár til starfsloka eða vilja taka miðlungsáhættu.

Leið III er innlánaleið og er sparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarka áhættu og sveiflur í ávöxtun.



LSR

Ávöxtun og eignir


	Leið I	Leið II	Leið III
Gengisbreyting frá áramótum	6,5%	5,5%	2,7%
Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði	15,0%	13,0%	3,7%
Raunávöxtun síðustu 12 mánuði	13,1%	11,2%	2,0%
3ja ára nafnávöxtun*	11,0%	9,6%	4,5%
5 ára nafnávöxtun*	11,0%	10,4%	5,6%

Eignir í lok júní (m.kr.) **6.134,8** **1.249,0** **5.481,1**

Núverandi vextir Leiðar III eru 2,15%


* Ávöxtun yfir lengra tímabil en 12 mánuði er sett fram sem ávöxtun pr. ár.

Gengisþróun




Eignasamsetning

Leið I




- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

Leið II



- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

Leið III



- Innlán

Fjárfestingarstefna

	Leið I Stefna	Frávik		Leið II Stefna	Frávik		Leið III Stefna
Innlán	5%	0%	15%	5%	0%	15%	100%
Skuldabréf	47%	20%	70%	58%	30%	90%	
Ríkistryggð bréf	38%	10%	60%	48%	20%	70%	
Önnur innlend skuldabréf	9%	0%	30%	10%	0%	30%	
Hlutabréf	45%	25%	60%	34%	0%	40%	
Innlend hlutabréf	12%	0%	20%	7%	0%	15%	
Erlend hlutabréf	33%	20%	50%	27%	10%	40%	
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	3%	0%	10%	3%	0%	10%	
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%	3%	0%	0%	3%	

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir Séreignar LSR eru á heimasíðu LSR www.lsr.is